

Miðvikudaginn 8. mars 1989.

Nr. 201/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

M

(Örn Clausen hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1988 til sakfellingar samkvæmt ákæru og ákvörðunar refsingar.

Fyrir Hæstarétti var málið samkvæmt heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála reifað með hliðsjón af því, hvort verknaður ákærða varðaði við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í heild, sbr. 204. gr. sömu laga.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa hinn 8. febrúar 1986 haft samræði við X. Niðurstöður þeirra sérfræðinga sem gefið hafa álit um þroska hennar eru raktar í héraðsdómi. Af gögnum málsins verður ráðið að hún hafi ekki haft andlegan þroska til að sporna við samræðinu.

Ákærði er 42 árum eldri en X. Fyrir dómi skýrði hann svo frá, að hann hefði „hitt stúlkuna tvisvar sinnum í sömu vikunni og atburðurinn varð, en þá afgreiddi hún hann með bensín. Í fyrra skiptið höfðu þau ekki rætt mikið saman en í seinna skiptið hafi stúlkán beðið hann að hinkra á meðan hún afgreiddi næsta bíl á eftir ákærða. Hún hafi svo komið inn í bifreiðina til ákærða og farið að tala um hross og reiðmennsku við hann, enda hafi ákærði verið reiðklæddur. Stúlkán hafi verið ræðin og mjög þægileg. Þau hafi ákveðið að hittast á laugardeginum á H.“ Ekki er í ljós leitt, að fyrri kynni þeirra hafi verið meiri en nú var lýst.

Samkvæmt þessu verður að telja ósannað, að ákærða hafi verið ljóst, hvernig andlegum þroska X er farið. Þegar hins vegar er litið

til álits sérfræðinga og þess að ökuferð þeirra hafði að sögn ákærða staðið 2-3 klukkustundir áður en hann stöðvaði bifreið sína í Öskjuhlíð, þykir óhjákvæmilegt að virða ákærða það til gáleysis að hann gerði sér ekki grein fyrir andlegu ástandi hennar áður en samfarir þeirra hófust. Telst ákærði því hafa brotið gegn 195. gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði var með áfengi í bifreið sinni umrætt sinn, sem X neytti af, og verður að líta svo á að hann hafi veitt henni áfengi. Ákærði hefur borið að hann hafi vitað að X var 19 ára að aldri, en gat ekki tilgreint hvenær hann fékk þessa vitneskju.

Ákærði hafði ástæðu til að ætla að X hefði ekki náð 20 ára aldri og bar honum þá að ganga úr skugga um þetta, sbr. 3. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Verður hann því sakfelldur fyrir brot gegn téðu lagaákvæði.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 204. gr. almennra hegningarlaga og 33. gr. áfengislaga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði. Ákærði skýrði greiðlega frá málsatvikum og hefur eigi áður sætt refsingu, er hér skiptir máli. Þykir því mega skilorðsbinda refsinguna þannig, að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, M, sæti varðhaldi tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, samtals 55.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1988.

Ár 1988, mánudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 201/1988: Ákærvaldið gegn M, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er höfðað með svohljóðandi ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. mars 1988:

„Ríkissaksóknari gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur M, Reykjavík, fæddum ... 1924 í Suður-Múlasýslu, fyrir að hafa að kvöldi 8. febrúar 1986 veitt þroskaheftri stúlku, X, fæddri ... 1966, áfengi í bifreið sinni R-6647 í ökuferð um Reykjavík og síðan haft samræði við hana í bifreiðinni við Öskjuhlíð.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 3. mgr. 16. gr., sbr. 33. gr., áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. nügildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, fer ríkissaksóknari með ákærvaldið í landinu. Samkvæmt 3. mgr. 21. gr., 1. mgr. 115. og 1. mgr. 118. gr. sömu laga gefur hann út ákæruskjöl í opinberum málum. Í því felst að ríkissaksóknari höfðar sjálfur opinber mál hér á landi. Orðalagið „Að höfða ber opinbert mál ...“ á því ekki við um núverandi réttarfar í opinberum málum.

Málavestir.

Laugardaginn 8. febrúar 1986 kom A, ... hér í borg, með dóttur sína X á lögreglustöðina í Árbæjarhverfi og skýrði frá því að dóttir hennar, sem væri þroskaheft, hefði verið í bifreið með einhverjum vaktmanni sem hefði gefið henni áfengi að drekka. Væri stúlkan talsvert drukkin og krafðist móðirin þess að kannað yrði hvort maðurinn hefði misnotað stúlkuna kynferðislega.

Ákærði hefur skýrt frá því að hann hafi kynnst X þegar hún afgreiddi hann með bensín á bensínstöðinni á B... nokkrum dögum áður en atburðir málsins urðu. Stúlkan hafi verið ræðin, þægileg í viðmóti og opinská, og hafi hún sest inn í bifreiðina hjá ákærða eftir að hún hafi afgreitt hann. Þau hafi mælt sér mót klukkan fimm næsta laugardag við S...verslun á H... og hafi stúlkan átt frumkvæðið að því. Þau hafi svo hist þar á tilsettum tíma og síðan ekið um bæinn í bifreið ákærða og hafi stúlkan drukkið romm af pela sem hann hafi komið með. Í Öskjuhlíð, skammt frá heita læknum, hafi þau haft samræði í bifreiðinni og hafi sér orðið sáðfall. Að þessu loknu hafi hann ekið stúlkunni aftur inn á H... þar sem hún fór úr bifreiðinni. Klukkan hafi þá verið á bilinu tíu til hálf-ellefu og

hafi stúlkan þá verið búin úr pelanum. Ákærði kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að stúlkan væri þroskaheft, enda hafi hún ekki komið óeðlilega fyrir.

Stúlkan X hefur skýrt frá því að föstudaginn 7. febrúar hafi hún beðið ákærða um að hitta sig klukkan fimm daginn eftir og hafi þau ákveðið að hittast hjá S...verslun. Þegar þau hittust hafi ákærði verið með tvær flöskur af áfengisblöndu meðferðis, aðra þriggja pela en hina minni. Kveðst vitnið hafa drukkið úr báðum flöskunum í bifreiðinni hjá ákærða, en hann hafi þó einnig drukkið af þeim, en minna en hún.

Ákærði hafi ekið með sig um bæinn en í Öskjuhlíð, skammt frá heita læknum, hafi hann lagt bifreiðinni. Hafi hann lagt niður sætin í bifreiðinni, klætt vitnið úr annarri buxnakálminni og haft samræði við hana. Hafi það staðið í u.þ.b. klukkutíma og hafi komið „eitthvað úr honum“ en vitnið kveðst hafa fengið „smávegis fullnægingu“.

Meðal gagna málsins er vottorð Gísla Á. Þorsteinssonar, yfirlæknis á geðdeild Landspítalans. Í því segir m.a.:

„Umsögnin byggist alfaríð á sjúkraskrá geðdeildar Landspítalans, þar sem undirritaður hefur aldrei skoðað viðkomandi einstakling eða haft hana til meðferðar.

X var innlögð á geðdeild Landspítalans hinn 19.05. 1983 vegna hegðunarvandkvæða. Þessi vandkvæði hafa samkvæmt sjúkraskrá geðdeildarinnar einkum verið fólgin í umgengniserfiðleikum, stírdum skapsmunum og slitróttri skólagöngu.

Rannsókn hér á geðdeildinni leiddi í ljós að X var barnaleg í framkomu og tali og sýndi greinileg vanþroskamerki. Ekki kom fram truflun á raunveruleikatengslum eða önnur merki um meiri háttar geðtruflun (psychosis). Gerð var tölvusneiðmynd af höfði og var hún eðlileg. Heilarit var aftur á móti óeðlilegt. Gerð var ítarleg sálfræðirannsókn og í niðurstöðu hennar segir að starfhæf greind sé á mörkum vangefni (greindarvísitala 68). Orsakanna sé líklega að leita í vefrænum truflunum sem trúlega eru frá mjög ungum aldri eða fæðingu og hafa truflað þroska X. Í sálfræðirannsókninni fundust ekki merki um psychosis. Geðtengsl voru í lagi, en eirðarleysi, óróleiki og úthaldsleysi einkenndu hegðun hennar meðan á rannsókninni stóð.

Auk annarrar meðferðar fékk X iðjuþjálfun mestallan tímann sem hún dvaldist hér á deildinni. Fór henni töluvert fram á þessum tíma í verklegum þáttum og mun hún oft hafa staðið sig nokkuð vel. Hún útskrifaðist 30.08. 1983 og fór þá til vistar á sveitaheimili á Suðurlandi.“

Högni Óskarsson geðlæknir hefur framkvæmt geðrannsókn á X. Í bréfi dagsettu 4. maí 1987, sem læknirinn ritaði með álitserð sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins, segir m.a.:

„Í þessu erindi er því ekki beðið um algerlega hlutlaust mat á andlegri

getu X, heldur er beðið um skoðun undirritaðs á því hvort þriðji aðili ætti að geta merkt andlegan vanþroska eftir skömm kynni.

Rannsóknin fór fram með þeim hætti, að undirritaður átti viðtöl við X og sömuleiðis við móður hennar. Auk þess hafði undirritaður rannsóknargögn með höndum.

Það er ekki nokkur vafi á því að X er með verulega greindarskerðingu, enda kemur það einnig fram í læknabréfi Gísla Á. Þorsteinssonar, þar sem vitnað er í sálfræðirannsókn frá 1983. Ekki er hægt að ætla að nein meiri háttar breyting hafi orðið frá þeim tíma. Segja má að aðalatriði í niðurstöðunum sé að X sýni töluvert dómgreindarleysi í félagslegum tengslum. Hún er mjög ósjálfstæð í hugsun og verður mjög háð öðrum við að meta allar aðstæður. Hún hefur mikla þörf fyrir að brjótast út úr einmanaleik sínum og leitar því næstum því til hvers sem er og verður þannig strax mjög háð þeim sem hún er með. Margt í daglegu fari X bendir strax til þess að hún sé ólík flestum öðrum, og er það skoðun undirritaðs að vanþroski hennar ætti ekki að dyljast neinum, sem er í samvistum við hana í einhvern tíma.“

Í álitsgerðinni segir m.a.:

„Geðskoðun:

X myndar strax gott samband við viðtalanda. Hún virðist vera opin og einlæg, en mjög fljótlega kemur í ljós að hún á mjög erfitt með að nýta sér hefðbundnar umgengnisvenjur. Byrjar hún þannig á fyrstu mínútu að ræða við undirritaðan eins og við höfum þekkt alla tíð og séum nánir vinir. Leitast hún eftir að hafa jákvæð áhrif á viðtalanda með því að svara öllum spurningum eins og hún getur, en frásögn hennar er ruglingsleg og óáreiðanleg vegna þess að minni er gloppótt og innsæi af skornum skammti. Hún er glaðleg í bragði og er tilfinningasvörun ekki í neinu samræmi við umræðuefnið. Talar hún þannig oft um erfiðustu mál glaðlega og brosandi. Minni er gloppótt hjá henni. Í frásögninni koma fram eyður sem illa gengur að fylla upp í, og eins ruglast hún í ártölum þegar hún er að lýsa atburðarás lífs síns. Hins vegar man hún aðra hluti ótrúlega vel og jafnvel smáatriði sem engu máli skipta hana, eins og t.d. fæðingardag forsætisráðherra. Hún er áttuð á stað, stund og persónu. Almenn þekking virðist á mörgum sviðum vera góð. Hún veit hver forseti er og hverjir voru forsetar þar á undan og getur svarað ýmsum aðalatriðum úr sögu Íslands. Eins virðist hún fylgjast eitthvað með því sem er að gerast í daglegu lífi hér á landi. Það eru engin merki um dementiu hjá henni og á FACT-prófi nær hún góðum árangri. Hins vegar kemur fram að skammtímaminni er gloppótt hjá henni og talnaraðir man hún bara fjórar áfram og þrjár aftur á bak. Hugsun er mjög hlutbundin hjá henni og henni gengur mjög illa að túlka málshætti. Eins kemur fram að dómgreind er á fremur frumstæðu stigi.

Hún beitir fremur frumstæðum, ómeðvituðum varnarháttum. Hún afneitar vandamálum töluvert mikið. Hún beitir gleymsku og ýtir frá sér tilfinningaviðbrögðum. Henni virðist ganga illa að læra af reynslunni og eins gengur henni illa að vinna úr því sem er að gerast í kringum hana á hverjum tíma. Á hún þannig erfitt með að nýta sér ýmislegt af því sem að ég ræði um við hana. Eins hefur hún mikla tilhneingingu til þess að gera mjög lítið úr öllu því sem hefur gerst í hennar lífi. Undir niðri gerir hún sér þó grein fyrir því að hún er verulega óhamingjusöm, einmana og stefnulaus. Hins vegar gefur hún sér ekki tækifæri til að nýta sér það innsæi sem hún hefur í þetta ástand og hefur því gengið illa að þroska sig frá því. Formskyn er lélegt eins og fram kemur á teikningum. Þegar hún teiknar mynd af konu, þá gæti teikningin verið eftir 5-6 ára barn. Í læknabréfi frá Gísla Á. Þorsteinssyni, dagsettu 14. mars 1986, er vitnað í sálfræðipróf sem gert var 1983. Mældist hún þar með greindarvísitölu 68 og segir í niðurstöðum prófsins að starfhæf greind sé á mörkum vangefni.

Niðurstaða:

X er 21 árs gömul stúlka sem hefur verið með merki um andlega truflun frá barnsaldri. Hún átti erfitt með að læra, samlagaðist illa í skóla, einangraðist félagslega og hefur ekki getað unnið sjálfstætt né séð um sig sjálf á annan hátt ennþá. Vegna einmanakenndar sinnar og erfiðleika við að mynda tengsl við jafnaldra þá hefur hún stöðugt reynt að ná að skapa tengsl við aðra hvar sem hún er án hliðsjónar af því hversu heppileg þau tengsl kynnu að vera fyrir hana. Hefur þetta stundum leitt til þess að hún hefur verið misnotuð kynferðislega. Við skoðun og í samtölum við X kemur strax fram að hún er verulega andlega skert. Strax kom fram hve hún reyndi að teygja sig allt of langt til þess að mynda gott samband við viðtalanda. Virtist hún eiga erfitt með að gera greinarmun á undirrituðum sem lækni að vinna rannsóknarverk og gömlum vini hins vegar. Virðist þetta einkenna samskipti X við bláókunnugt fólk. Þó svo að X hafi yfirborðsþekkingu á ýmsu sem er að gerast í daglegu lífi þjóðarinnar, þá komu strax fram truflanir í hugsun. Hugsun reyndist vera mjög hlutbundin. Hún virtist geta lært eins og páfagaukur, en án þess að geta unnið frekar úr staðreyndum eða komast að sjálfstæðum niðurstöðum. Virðist hún þannig vera mjög vitsmunalega háð þeim sem hún er með í það og það skiptið. Hún er ekki í góðum tengslum við tilfinningar sínar og sýnir þar af leiðandi oft óviðeigandi tilfinningaleg viðbrögð. Hæfileiki hennar til að mynda tengsl við aðra er mjög skertur frá gamalli tíð, og hefur henni þar af leiðandi gengið mjög illa að mynda jafningjatengsl. Ofangreind vandamál gera það að verkum að X lærir lítið af eigin reynslu. Hún á erfitt með að vinna úr umhverfisþáttum, draga sjálfstæðar ályktanir og sækist hún þannig eftir tengslum við aðra á mjög óviðeigandi eða kjánalegan hátt. Verður hún af þessu mjög

háð þeim sem hún er með, bæði hvað snertir tilfinningatengsl og sömuleiðis vitsmunalega úrvinnslu þess sem aðstæður hafa í för með sér. Af þessu öllu er auðvelt fyrir aðra að láta X lúta að vilja sínum.

Við fyrstu kynni kemur X fyrir sem fremur óþroskaður unglingur, en strax og farið er að ræða eitthvað frekar við hana þá verður það ljóst að hún er verulega andlega skert, og ætti það ekki að dyljast neinum sem eyðir einhverjum tíma með henni.“

Til viðbótar álitssgerð þessari ritaði læknirinn bréf til rannsóknarlögreglunnar, og þar kemur m.a. þetta fram:

„1. Fram kom í málgögnum, að greindarvísitala X hefði mælst 68 á árinu 1983. Í geðskoðun undirritaðs kom jafnframt fram að X er verulega andlega skert, eins og fram kemur í lélegri dómgreind, skertum hæfileika til óhlutbundinnar hugsunar, minnistrufnunum og ankannalegum tilfinningaviðbrögðum gagnvart ókunnugum. Samkvæmt þessu telst hún vangefin skv. sjúkdómaskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ekki hafði hún merki um geðveiki þegar geðrannsóknin fór fram.

2. Í mati undirritaðs kom fram að hverjum þeim, sem eyddi einhverjum tíma með X, ætti að vera ljóst hve andleg geta hennar er skert.

3. Skv. tilmælum embættis ríkissaksóknara var beðið um nýtt sálfræðipróf, og fól undirritaður Baldvin Steindórssyni að annast framkvæmd þess. Niðurstöður prófsins benda til þess sama og að ofan greinir, þ.e. að X telst til þroskaheftra (grv. 55-70), og er það álit Baldvins að sérhverjum manni með fullan þroska ætti að vera ljóst að andlega og greindarfarslega gengur X ekki heil til skógar.“

Skýrsla Baldvins H. Steindórssonar sálfræðings um sálfræðipróf sem hann lagði fyrir X, er meðal gagna málsins. Segir í henni m.a.:

„*Markmið rannsóknar:* Í samræmi við 195. gr. alm. hgl. er það markmið þessarar rannsóknar að meta hvort X geti talist geðveik, fáviti, eða þannig sé ástatt fyrir henni að hún geti ekki spornað við samræði eða skilið þýðingu þess.

Þar sem ekki er lengur talið við hæfi að nota fávitahugtakið, heldur talað um þroskahefta (grv. 55-70), sem samsvarandi fyrri notkun á fávitahugtakinu, er tekið mið af því hvort greindarfarslegur þroski X samsvari greind þroskaheftra (grv. 55-70).

Gögn: Wechsler greindarpróf

Viðtal.

Niðurstöður og mat:

Wechsler: Niðurstöður Wechslers greindarprófs staðsetja heildargreind X innan marka þroskaheftra (grv. 55-70). Lítil mismunur reyndist á niðurstöðum munnlega og verklega hlutans. Heldur skár kemur X út úr verklega hlutanum. Tölfræðilega er þessi mismunur hvorki óeðlilegur né áreiðanlegur.

Dreifing er lítil meðal einstakra prófþátta. Það eru aðeins tveir þættir sem skera sig verulega úr: líkingar og orðaforði, sem eru í botni hjá henni. Hugsun hennar er svo hlutbundin að hún ræður að mjög takmörkuðu leyti við ályktandi hugsun. Hún sér ekki samlíkingar með hlutum og hefur ekki yfir að ráða þeirri óhlutstæðu hugsun sem þarf til að lýsa merkingu orða.

Einstaklingur með samsvarandi greind og niðurstöður Wechslers greind-arpr. staðsetja greind X á getur ekki skapað sér sjálfstæða tilveru í okkar samkeppnisþjóðfélagi. Slíkur einstaklingur væri þó líklegur til að geta lært og stundað einfalda vinnu, en þarf verulegan félagslegan og tilfinningalegan stuðning. Hugsun hans er það takmörkuð að við þær mismunandi aðstæður sem daglegt líf býður okkur upp á eru valmöguleikar hans takmarkaðir.

Annað: Ekki reyndist hægt að nota „hlutlægt“ próf til að meta persónuleika X eða á þann máta athuga hvort geðveiki væri mögulega til staðar. Greind hennar er ekki nægileg til að taka slík próf. Einstaklingar með jafn lága greind eru þó líklegir til að þróa með sér ýmis aðlögunarvandamál, tilfinningaleg og félagsleg. Við slíkt verður vart hjá X. Ekki veður þó vart neinnar geðveiki hjá henni. Varðandi mat á þessum þáttum vísast til geðrannsóknar Högna Óskarssonar.

Niðurstæða: X er 21 árs gömul kona. Í útliti virðist hún mun yngri. Strax við fyrstu kynni virðist mér að sérhverjum með fullan þroska ætti að vera ljóst að andlega og greindarfarslega gengur hún ekki heil til skógar. Greind hennar samsvarar greind þroskaheftra (grv. 55-70). Slík greind veitir takmarkaða möguleika til að meta og bregðast við aðstæðum.“

Þegar X kom hér fyrir dóminn virtist dómaranum hún vera nokkuð barnaleg en þó svaraði hún ekki óskynsamlega spurningum um almenn efni. Stúlkan var nokkuð ósjálfstæð í svörum og opinská. Nokkuð bar á því að hún væri óstyrk. Ekki virtist dómaranum hún vera augljóslega þroskaheft.

A hefur gert svofellda bótakröfu, dagsetta 28. apríl 1986:

„Undirrituð krefst þess að M, f. ... 24, verði í væntanlegu refsímáli á hendur honum dæmdur til að greiða þroskaheftri dóttur minni, X, kr. 90.000,00 í miskabætur.

X var í „miðjum tíðahring“ þann 8. febrúar sl., er M gaf henni það mikið áfengi að hún varð ofurölvi og hafði síðan mök við hana í bifreið sinni úti við Öskjuhlíð. Skildi hann síðan við hana nær ósjálfbjarga vegna ölvunar.

Í mars s.l. þurfti X að gangast undir sársaukafulla fóstureyðingu á Landspítala.“

Ekki er að finna nein gögn önnur um að X hafi orðið þunguð og þaðan af síður um það að þungunin hafi orðið fyrir tilverknað ákærða. Ber að svo vöxnu að vísa kröfu þessari frá dómi.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa vitað, að stúlkan X væri þroskaheft. Hefur hann sagt að hún hafi komið eðlilega fyrir og verið ræðin og þægileg. Er á það að líta að kynni ákærða af stúlkunni voru mjög lítil þegar hann hafði samræði við hana, að hún hafði þá neytt áfengis og var undir áhrifum þess og ekki síður hitt að hún hafði með höndum störf á bensínafgreiðslunni, sem venjulega eru falin heilvita fólki.

Samkvæmt greindarprófi er greindarvísitala stúlkunnar aðeins tvö stig fyrir neðan efri mörk þroskaheftra, sem telja verður að svari til fávita í skilningi 195. gr. almennra hegningarlaga. Að áliti Högna Óskarssonar geðlæknis kemur stúlkan fyrir við fyrstu kynni sem fremur óþroskaður unglingur, en strax við frekari viðræður við hana verði ljóst að hún sé verulega andlega skert og að það ætti ekki að dyljast neinum sem verji einhverjum tíma með henni. Læknirinn tekur þó fram að þetta sé ekki hlutlægt mat á andlegri getu X, heldur skoðun hans á því hvernig stúlkan komi þriðja aðila fyrir sjónir.

Baldvin Steindórsson sálfræðingur segir aftur á móti greindarskerðingu stúlkunnar vera augljósa strax við fyrstu kynni.

Það álitamál, hvernig stúlkan komi venjulegu fólki fyrir sjónir, virðist varla falla undir sérfræði læknisins og sálfræðingsins, og má jafnvel efast um að þeir séu, einmitt vegna sérþekkingar sinnar, færari um að meta það en aðrir. Að áliti dómarsins er X sönnunargagn í málinu sem honum er skylt að leggja mat á. Virðist dómarsinum hún við fyrstu kynni ekki vera augljóslega þroskaheft.

Af því, sem rakið hefur verið, verður að telja ósannað að ákærða hafi verið kunnugt um að X er þroskaheft. Þegar haft er í huga að stúlkan er rétt undir efri mörkum þroskaheftra og að hún kemur allvel fyrir og engin sérstök atvik eða kringumstæður hefðu átt að vara ákærða við stúlkunni, þykir ekki heldur óhætt að telja að ákærði hafi sýnt af sér gáleysi um ástand hennar.

Ákærði kveðst vita að stúlkan var 19 ára þegar atburðir málsins urðu. Hann kveðst ekki muna hvenær stúlkan sagði honum aldur sinn. Við frumrannsókn málsins var ákærði ekkert yfirheyrður um þetta atriði. Allan vafa um það hvort hann vissi aldur stúlkunnar áður eða eftir að hún drakk hjá honum áfengi verður að virða ákærða í hag. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða alfarið af ákærrunni í máli þessu.

Allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 20.000,00 krónur, ber að leggja á ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, M, er sýkn af ákæru í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 20.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.